



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2020

**Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (milliverðlagning), (594. mál)**

Félag atvinnurekenda (FA) og Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda vísa til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar hinn 3. mars um umsögn um ofangreint mál, á þingskjali 973.

Félögin fagna frumvarpinu sem er skref í rétta átt í baráttunni við skattaundanskot fjölþjóðlegra fyrirtækja, þar sem viðskipti eiga sér stað á milli starfsstöðva í mismunandi löndum með mismunandi skattalöggjöf. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til 13. aðgerðaáætlunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), sem ætlað er að berjast gegn alþjóðlegri skattasniðgöngu. Í áætluninni kemur fram að skortur á gögnum standi í vegi fyrir því að hægt sé að fylgjast með verðlagningu í viðskiptum á milli tengdra lögaðila sem skyldi. Frumvarpinu er ætlað að vera liður í að bæta úr slíkum skorti á gögnum sem varða milliverðlagningu og samtökin telja það því afar jákvætt skref.

**Er milliverðlagning ástunduð í sjávarútvegi?**

Hitt er svo annað mál að þær sektarfjárhæðir sem um ræðir í frumvarpinu geta hljómað hjákátlegar í samanburði við þær fjárhæðir sem um ræðir í stærstu milliverðlagningarmálum þjóðarinnar sem hafa verið til umræðu á undanförunum misserum. Spurningar hafa vaknað vegna viðskipta með afla innan Samherjasamstæðunnar og því verið velt upp hvort milliverðlagning sé með þeim hætti að hagnaðurinn sé látinn koma fram á lágskatta- eða aflandssvæðum.

Verðlagsstofa skiptaverðs birti í haust úttekt á meðalverði makrils hér á landi og í Noregi, þar sem fram kemur að greitt er allt að fjórfalt hærra verð fyrir makrílinn hjá norskum fiskvinnslufyrirtækjum en vinnslur íslenskra útgerðarfyrirtækja greiða eigin útgerðum fyrir aflann.

Einnig má rifja upp skýrslu starfshóps fjármálaráðherra um eignir Íslendinga á aflandssvæðum frá árinu 2016, en þar var því slegið föstu að skattaundanskot í formi milliverðlagningar hefðu lengi verið stunduð. Í skýrslunni segir meðal annars: „Til skamms tíma áttu mörg sjávarútvegsfyrirtæki dótturfyrirtæki á Kýpur sem nýttust þeim í skattalegu tilliti. Telja sumir að þessi dótturfélög íslensku sjávarfyrirtækjanna hafi einnig verið notuð við milliverðlagningu afurðanna.“

Þá er ekki úr vegi að nefna kröfu samninganefndar Sjómannasambands Íslands frá því í byrjun árs um að stjórnvöld láti fara fram óháða rannsókn á söluvirði afurða í íslenskum sjávarútvegi, en SSÍ segir að gera megí ráð fyrir því að milliverðlagning sjávarfangs sé mjög algeng.

Vísbendingar um óæskilega eða ólögmeða milliverðlagningu í sjávarútvegi eru fjölmargar og full ástæða til að löggjafinn taki mun harðar á því máli en hann hefur gert hingað til.

## **Tvöföld verðlagning ýtir undir skattasniðgöngu**

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp það sem samtök okkar hafa ítrekað bent á. Á Íslandi ríkir tvöföld verðlagning á hrávörinni fiski. Annars vegar markaðsverð og hins vegar verð sem ákvarðað er í viðskiptum tengdra aðila eða í viðskiptum við eigin starfsstöð. Ítrekað hefur jafnframt verið bent á að verðbilið á milli þessara tveggja verða er að lágmarki 25% skv. nógildandi kjarasamningum sjómanna og hefur verið sýnt fram á að það sé allt að 50%. Þar til stjórnvöld hætta að ýta undir milliverðlagningu með því að viðurkenna þetta fyrirkomulag, verður hættan af henni áfram uppi þrátt fyrir skýrari reglur um skjölun.

Í tilmælum Samkeppniseftirlitsins til sjávarútvegsráðherra árið 2012, sem sett voru fram vegna kæru SFÚ til stofnunarinnar vegna skertrar samkeppnisstöðu fiskvinnslufyrirtækja án útgerðar, var lagt til að stjórnvöld settu sérstakar milliverðlagningarreglur sem hefðu það að markmiði, í þessu tilvik, að verðlagning í innri viðskiptum á milli útgerðar- og fiskvinnsluhluta lóðrétt samþættrar útgerðar yrði eins og um viðskipti milli tveggja óskyldra aðila sé að ræða. Margir sjávarútvegsráðherrar hafa síðan látið hjá líða að bregðast við þessum tilmælum sem skyldi.

Viðfangsefni skattayfirvalda þegar kemur að óæskilegum áhrifum milliverðlagningar er ekki síst áðurnefnd lóðrétt sambætt fyrirtæki, þ.e. fyrirtæki þar sem veiðar, vinnsla og sala er í sama fyrirtæki eða samstæðu. Lóðrétt samþættu fyrirtækin búa við þann freistnivanda að ákveða hvar best sé að hagnaðurinn komi fram, en þau vilja hámarka hagnað sinn og lágmarka gjaldstofna sína, til dæmis laun, hafnargjöld, útsvar og skatta. Stærstu aðilar í íslenskum sjávarútvegi tala aldrei um fyrirtækjasamstæður sínar sem lóðrétt samþætt fyrirtæki. Þeir forðast þá umræðu og tala ítrekað um virðisbætur sem sé nánast ómissandi.

Stjórnvöld ættu að gera allt sem í sínu valdi stendur til að tryggja rétt verð á upphafspunkti verðmætasköpunar íslensks sjávarútvegs þ.e. á hrávörumarkaði með fiskinn. Sú staðreynd að verð með vöruna sé ýmist rétt verð eða afsláttarverð leiðir til neikvæðra áhrifa milliverðlagningar. Það beinlínis býður upp á að hagnaður sé fluttur úr landi. Afleiðingarnar eru þær að þjóðfélagið í heild ber skarðan hlut frá borði. Þetta kemur fram í lægri hafnargjöldum, útsvari og sköttum.

Að þessu sögðu ítreka FA og SFÚ að frumvarp þetta er jákvætt skref, en mun lengra þarf að ganga til að ná utan um milliverðlagningu í sjávarútvegi og óæskilegar afleiðingar hennar.

### **Að lokum**

Samtökin áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá eru þau reiðubúin að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,

Arnar Atlason  
formaður SFÚ

Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA